

36. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Þrítugasti og sjötti fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða var haldinn fimmtudaginn 15. ágúst 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Baldur Pétursson, Sólrún Anna Jónsdóttir, Ólöf Ýr Atladóttir, Björn Jóhannsson og Katrín Gylfadóttir

**1. Nýr starfsmaður kynntur (ÓYA).**

Ólöf kynnti nýjan umhverfisstjóra Ferðamálastofu, Björn Jóhannsson, fyrir stjórn Framkvæmdasjóðsins. Björn mun vinna að verklaugsreglum Ferðamálastofu fyrir sjóðinn.

**2. Tillögur að breytingum á starfsreglum stjórnar kynntar (BP).**

Nokkrar umræður urðu um þessar tillögur um breytingar á reglum og lýst var ánægju með ýmsi atriði vegna þeirra. Stjórnin myndi skoða þessar tillögur í framhaldinu og hafa samband við Baldur ef tilefi væri til. Baldur taldi æskilegt að flýta breytingum á reglum þannig að þær væru ljósar fyrir næstu auglýsingu.

Ábendingar komu frá stjórnarmönnum um að ákveðnar tillögur í skjalinu feli í sér grundvallar stefnubreytingu, hvað það varðar að frá upphafi hefur verið lögð á það áhersla að ráðstöfunarfé sjóðsins renni allt til styrkveitinga. Þessar hugmyndir þarf m.a. að skoða út frá þeim lögum sem sjóðurinn starfar eftir og varaði Guðjón eindregið við því á fundinum að leggja til slíkar breytingar nema lögnum yrði jafnframt breytt. Albína gerði athugasemdir við að verið væri að breyta **Starfsreglum við meðferð umsókna** sem eru starfsreglur stjórnar sjóðsins og í **Starfsreglur vegna styrkumsókna og verkefna sjóðsins** sem snúa að mestu leyti að vistun verkefnisins hjá Ferðamálastofu.

Baldur ræddi hugsanlega aðkomu Nýsköpunarmiðstöðvar að námskeiðum á ýmsum stöðum á landinu fyrir umsóknaraðila – þar sem þörf væri á því að efla þekkingu umsóknaraðila á undirbúningi og skipulagi verkefna – til að auka gæði umsókna. Æskilegt væri að slík námskeið færu í gang sem fyrst til að þau nýttust við undirbúning næstu verkefna.

**3. Ákvörðun um dagsetningar í auglýsingu styrkja.**

Ólöf mælist til að ekki verði auglýst eftir nýjum styrkjum fyrr en fjárlög hafa verið lögð fram (sbr. fundur með Albínu 9. september). Stefnt er að því að auglýsa, fyrir áramót, eftir styrkjum í þá fjármuni sem eftir standa, úthlutanir byggja á þeim fjármunum sem raunverulega liggja í sjóðnum.

**4. Önnur mál**

Björn mun hafa samband við Ásgeir Magnússon, Mýrdalshreppi, vegna verkefnisins „Dyrhólaey uppbygging“. Ekki er hægt að halda áfram með framkvæmdir vegna deilna landeigenda. Stefnt er að því að ljúka málinu á næsta fundi.

Björn mun hafa samband við Guðrúnu Helgadóttur, staðarhaldara á Reykjum um vilyrði um styrk í næsta umsóknarferli- mjög jákvæðar undirtektir.

Björn tók undir hugmynd Baldurs um að halda námskeið fyrir umsóknaraðila. Samfara næstu auglýsingu um styrki verði auglýst námskeið vegna umsókna sem yrði tekið upp og haft á netinu ásamt glærum sem hægt er að vísa í. Björn hefur einnig áhuga á að koma á árangurssögum.

Björn mun fara á fund með Ólafi hjá Umhverfisstofnun og hringja í verkefnisstjóra Geysis.

Sólrún upplýsti að nýlega hafi vitneskja borist til Ferðamálastofu að samþykkt hafi verið í lok árisins 2012, án þess að upplýsingar hafi borist FMS, að greiða laun til stjórnarmanna af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Sólrún mun taka stöðu á hvað eftir er af peningum í aukaúthlutun.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 7. október kl. 8:30

Fundi slitið 10:30

Reykjavík 17. sept. 2013/Katrín